

Ed.

42. Nefndarálit

[6. mál]

um frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar hefur fjallað um mál þetta á einum fundi og hefur nefndin klotnað í málinu.

Undirritaður viðurkennir, að fjáröflunar til Vegasjóðs sé þörf, en telur nægjanlegt til lausnar þeim fjárhagsvanda, sem Vegasjóður á nú við að glíma, að hækka bensíngjald um 5 kr.

Þar sem allar horfur eru á, að 6 kr. hækkun bensínlítra verði samþykkt, tel ég eðlilegt, að 1 kr. af þessum 6 renni til varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli, það er í bæjum og kaupúnum, sem skammt eru á veg komin í þeim framkvæmdum, og á sérstöku þingskjali flyt ég tillögu þar að lútandi.

Alþingi, 4. sept. 1974.

Ragnar Arnalds.